

Sveitarstjóri
Húnaþing vestra
Hvammstangabraut 5
530 Hvammstangi



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 20. janúar 2017
UST201612-082/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Húnaþing vestra, tillaga að deiliskipulagi Kolugljúfurs

Vísað er til erindis sveitarstjóra Húnaþings vestra er barst 9. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi Kolugljúfurs í Víðidal.

Skipulagssvæðið


Í lýsingu kemur fram að áætlað skipulagssvæði er 9,2 ha að stærð umhverfis Kolugljúfur. Einnig kemur fram að þar sem fjöldi ferðamanna leggur leið sína um Kolugil og Kolugljúfur er talið nauðsynlegt að byggja upp aðstöðu við náttúruminjarnar s.s. bílastæði, salernishús o.þ.


Náttúruminjar

Ofangreint svæði er á C-hluta náttúruminjaskrá en þar segir: „406. Kolugil og Bakkabrúnir í Víðidal, Þorkelshólshreppi, V-Húnavatnssýslu. (1) Gljúfur og fossar í Víðidalsá rétt sunnan við bæinn Hvarf suður á mótis við bæinn Hrappsstaði, auk þess setлагаopna í landi Bakka og nánasta umhverfi. (2) Þröngt og djúpt gljúfur með fallegum fossum, Kolugilsfossom, en víða er gljúfrið gróðurrikt. Í Bakkabrúnum er að finna þykk setlög með steingerðum plöntuleifum frá einu af hlýskeyðum ísaldar.“

Umhverfisstofnun bendir á að í 37. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er fjallað um réttaráhrif skráningar minja á náttúruminjaskrá og þar kemur fram að forðast skal að raska náttúruminum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár. Einnig kemur fram að sýna skuli sérstaka aðgæslu gagnvart vistgerðum, vistkerfum og tegundum á C-hluta náttúruminjaskrár. Umhverfisstofnun bendir á að taka þarf tillit til ofangreinds við gerð deiliskipulags svæðisins.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur